



472. Stjórnarfundur haldinn 01. júní 2016 kl:18:00

Mættir:

Einar Haraldsson (EH), Kári Gunnlaugsson (KG), Þórður Magni Kjartansson (PMK),
Bjarney S. Snævarsdóttir (BS) og Birgir Ingibergsson (BI), Sveinn Adolfsson (SA),
Guðjón Axelsson (GA) og Birgir Már Bragason (BMB).

1. Fundagerð síðasta fundar.

Farið yfir og samþykkt.

2. Innkominn bréf.

Tilkynning um íþróttaslys taekwondo.

Afrit af tölvupósti milli unglingaráðs og KSÍ.

Bréf frá UMFÍ v/umsóknar um 22. Unglingalandsmót 2019.

Afrit af bréfi til barna- og unglingaráðs knattspyrnudeildar v/ úthlutunar úr Umhverfissjóði UMFÍ.

Bréf frá UMFÍ v/hreyfiviku UMFÍ.

3. Send bréf.

Engin.

4. Vorfundur UMFÍ.

Vorfundur UMFÍ var haldin 21. maí í Sigtúni 42. EH og KG mættu á fundinn og skýrðu frá því sem þar var til umfjöllunar.

5. Ársþing ÍRB.

Ársþing ÍRB var haldið í íþróttakademíunni 23. maí. Keflavík var með fulla mætingu á þingið. Ingigerður Sæmundsdóttir var endurkjörin formaður. Bjarney S. Snævarsdóttir situr í stjórn ÍRB. Nokkrar umræður um þingið.

6. Keflavíkurdagurinn.

Annar fundur var haldin í nefndinni 30 maí vegna Keflavíkurdagsins. Fundagerð lá frammi. BS og BMB fóru yfir það sem fram koma á fundinum í stuttu máli.

7. Önnur mál.

EH sagði frá því að hann væri að fara á kynningarfund til að skoða áskrift að 365 office.

EH óskaði eftir leyfi til að kaupa inn brauðrist í eldhúsið. Samþykkt.

EH sagði að við yrðum að fara halda fund í unglingalandsmótsnefnd. GA sagðist ætla að boða til fundar í næstu viku þriðjudaginn 7. júní.

Framkvæmdastjóri fer í sumarfrí 13. júní.

EH er að skoða með að láta útbúa hátíðarfána fyrir félagið. Var ekki að ganga upp hjá Silkiprent.

Efnið ekki nægilega gott. **Ákveðið að versla ekki við Silkiprent að þessu sinni.**

Framkvæmdastjóri bauð fundarmönnum upp á pylsur og var afgreitt úr nýja pylsupottinum.

Rætt var lítillaga um að aðalstjórn standi fyrir málþingi með stjórnarmönnum deilda félasins n.k.

haust þar sem fjallað verður um markmið félagsins, þjónustu við iðkendur, samskipti við stjórnvöld og fleiri atriði sem nauðsynleg eru framsæknu félagi sem vill horfa til framtíðar.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl.18:45

Næsti stjórnarfundur ekki ákveðin en verður boðaður.

Fundinn ritaði BS.

